

Tillaga til aðalfundar Félagsráðgjafafélags Íslands

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands þann 26. apríl 2022 samþykkir að félagið stofni aðgerðarhóp félagsráðgjafa sem sinnir málsvarahlutverki í samstarfi við einstaklinga sem eru jaðarsettir og annarra minnihlutahópa. Hlutverk hópsins er að bregðast við félagslegu óréttlæti og mannréttindabrotum, sem eiga sér stað gagnvart fyrrgreindum hópum, með hefðbundnum og óhefðbundnum hætti á grundvelli annarrar greinar siðareglna okkar. Aðgerðarhópnum er falið að koma með tillögur, útfærslur og framkvæmd einstakra aðgerða en skuldbindur ekki félagið án samstarfs við stjórn þess. Þá mun aðgerðahópurinn leita til siðanefndar ef um álitamál er að ræða. Aðalfundur beinir því til stjórnar félagsins að kalla eftir tilnefningum í aðgerðahópinn.

Greinargerð með tillögu:

Á fundi Siðanefndar Félagsráðgjafafélagsins þann 15. mars sl. um mannréttindi jaðarhópa kom fram ákall þess efnis að Félagsráðgjafafélagið beitti sér fyrir aðgerðum þegar félagsmenn verða þess áskynja að félagslegt óréttlæti og mannréttindabrot eigi sér stað gagnvart jaðarsettum hópum og öðrum minnihlutahópum.

Kallað er eftir mótmælum og aðgerðum félagsráðgjafa í endurbættum siðarreglum félagsráðgjafa meðal annars til að tryggja mannréttindi fyrrgreindra hópa og finna farveg fyrir framþróun í málefnum þeirra. Önnur grein reglnanna er svohljóðandi: „Félagsráðgjafi tekur þátt í stefnumótun stjórnvalda, mótmælir óréttlátri stefnu og framkvæmd hennar er varðar jaðarsetta hópa samfélagsins og aðra minnihlutahópa sem þarfnast opinbers stuðnings til þess að njóta félagslegs réttlætis og mannréttinda. Hann berst gegn hvers konar fordómum og bendir á mikilvægi margbreytileikans fyrir samfélagið.“

Aðgerðahópur var myndaður og vann með siðanefnd félagsins árin 2018 og 2019 og beitti sér m.a. í aðgerð gegn fátækt sem fékk góða fjölmiðlaumfjöllun. Hópurinn var tímabundinn og hefur því ekki verið myndaður aftur.

Tillöguflytjendur

Elísabet Kristjánsdóttir og Björk Vilhelmsdóttir félagsráðgjafar